

Fundargerð hluthafafundar Skeljungs hf.

27. maí 2019

Mánudaginn 27. maí 2019 er hluthafafundur Skeljungs hf. haldinn á aðalskrifstofu félagsins í Borgartúni 26, Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 16.15.

1. Setning fundar. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Jens Meinhard Rasmussen, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Viðar Lúðvíksson hrl. var kjörinn fundarstjóri og Ingunn Agnes Kro, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Skeljungs var kjörin fundarritari.

Fundarstjóri fór yfir fundarboðun en til fundarins var boðað með auglýsingu sem birtist í Kauphöll og á heimasíðu félagsins þann 3. maí 2019. Meðfylgjandi fundarboðuninni var dagskrá, ályktunartillögur til fundarins, skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar og upplýsingar um réttindi hluthafa. Engin breyting var gerð á dagskránni eða tillögum frá birtingunni, að því undanskildu að tilnefningarnefnd gerði breytingu á tillögu sinni um skipan stjórnar. Lýsti fundarstjóri því að til fundarins hefði verið boðað með lögætum hætti í samræmi við ákvæði laga og samþykka félagsins.

Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins.

Fundarstjóri fór yfir fjölda hluthafa og atkvæða á fundinum. Til fundarins mættu 45 hluthafar sem fóru með atkvæði fyrir 75,12% hlutfjár eða 1.616.676.867 hluti.

Fundarstjóri gerði grein fyrir hverjir sætu fundinn. Fundinn sátu fjórir stjórnarmenn, þau Jens Meinhard Rasmussen, Baldur Már Helgason, Ata María Bærentsen og Kjartan Örn Sigurðsson, fulltrúar allra undirnefnda stjórnar, Hendrik Egholm forstjóri félagsins, Benedikt Ólafsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Ingunn Agnes Kro framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs, auk fleiri starfsmanna félagsins. Fundinn sátu ekki endurskoðendur félagsins, þar sem engin yfirferð var yfir reikninga félagsins á fundinum.

Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins, eins og hún hafði birst í fundarboði, en hún var svohljóðandi:

2. Breytingar á samþykktum félagsins.
 - a. Kaup félagsins á eigin hlutum.
 - b. Stjórnarkjör í ljósi kynjakvóta.
 - c. Kosning annarra frambjóðenda en þeirra sem tilnefningarnefnd hefur tilnefnt.
 - d. Kringumstæður er leiða til stjórnarkjörs utan aðalfundar.
3. Kosning um niðurfellingu umboðs sitjandi stjórnar.
4. Skýrsla og tillaga tilnefningarnefndar að stjórn.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Önnur mál löglega upp borin.

Fundarstjóri greindi frá því að liðir 4 og 5 yrðu einungis teknir fyrir ef liður nr. 3, um niðurfellingu umboðs sitjandi stjórnar, yrði samþykktur.

Fundarstjóri upplýsti um tillögur frá hluthafa, 365 miðlum ehf., annars vegar um hlutfjárlekkun og hins vegar þess efnis að tillaga stjórnar um endurkaup á hlutfé yrði einungis takmörkuð við hámark



1

laganna um 10% af heildarhlutafé. Tillögur þessar voru dregnar til baka fyrir fundinn. Fundarstjóri bauð hluthafanum að taka til máls vegna þessa síðar.

Fundarstjóri bað fundargesti að láta vita ef þeir óskuðu eftir að taka til máls.

Fundarstjóri benti á að atkvæðagreiðsla yrði skrifleg hvað varðar kjör stjórnarmanna en lagði til að öðru leyti að atkvæðagreiðsla á fundinum færi fram með handauppréttingu og gerðu fundarmenn engar athugasemdir þar við.

Þá greindi fundarstjóri frá því að fundurinn væri pappírslaus en fundargögn hefðu verið aðgengileg á vefsíðu félagsins.

2. Breytingar á samþykktum félagsins.

a. Kaup félagsins á eigin hlutum.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að eftirfarandi viðauki yrði gerður við samþykktir félagsins, með vísan til samþykktar aðalfundar, þann 26. mars, og 8. gr. samþykktu félagsins:

„Heimild félagsins til að kaupa eigin hluti, samþykkt á hluthafafundi þann 27. maí 2019.

Hluthafafundur Skeljungs hf., haldinn þann 27. maí 2019, heimilar stjórn félagsins, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, að kaupa í eitt skipti eða oft, fram að næsta aðalfundi, hlutabréf í félaginu, á kaupverði sem má þó ekki fara yfir kr. 550.000.000,- að markaðsvirði, með þeim fyrirvara að það ásamt dótturfélögum þess megi einungis eiga mest 10% hlutfjár þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.“

Fundarstjóri vísaði til áður nefndrar tillögu 365 miðla hf. um að endurkaupin yrðu ekki takmörkuð við annað en hámarkið lögum samkvæmt. Tillagan gengi lengra en tillaga stjórnarinnar og rúmaðist ekki innan hennar. Jón Skaftason tók stuttlega til máls fyrir hönd hluthafans og greindi frá því að tillagan hefði verið dregin til baka. Ljóst væri að sitjandi stjórn væri ekki sammála tillögu 365 miðla hf. Það kæmi þá mögulega í hlut nýrrar stjórnar að taka afstöðu til tillögunnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillögu stjórnar undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

b. Stjórnarkjör í ljósi kynjakvóta.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um nýja 2. mgr. 22. gr. samþykktanna:

„Tryggt skal við stjórnarkjör að hlutfall hvors kyns innan stjórnar verði ekki lægra en 40%. Verði niðurstaða stjórnarkjörs á hluthafafundi með þeim hætti að skilyrði um kynjahlutföll eru ekki uppfyllt skal vikið frá atkvæðamagni og skal stjórn teljast rétt kjörin eins og hér segir: Fyrstu fjögur sætin í stjórn félagsins skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fengu flest og næstflest atkvæði af hvoru kyni í stjórnarkjörinu. Fimmta



sætið í stjórn félagsins skal skipa sá einstaklingur, karl eða kona, sem flest atkvæði fékk í stjórnarkjörinu af öðrum frambjóðendum. Sé ekki í framboði nægur fjöldi frambjóðenda af hvoru kyni til þess að uppfyllt verði skilyrði um kynjahlutföll í stjórn skal starfandi stjórn boða til nýs hluthafafundar, sem haldinn skal 4-5 vikum eftir fyrri fundinn, þar sem stjórnarkjör skal vera á dagskrá. Boða skal til frekari framhaldsfunda með sama hætti svo oft sem þörf krefur til þess að ná tilskildum fjölda framboða og kjöri einstaklinga af hvoru kyni, en starfandi stjórn skal sitja áfram fram að því.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillögu stjórnar undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

c. Kosning annarra frambjóðenda en þeirra sem tilnefningarnefnd hefur tilnefnt.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að núverandi 2. mgr. 22. gr. samþykktanna yrði felld niður og að í stað hennar kæmi eftirfarandi ákvæði, sem 3. mgr. 22. gr.:

~~„Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal. Þá skal kosið um þá eina, sem tilnefndir hafa verið til kjörsins.“~~

„Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef í framboði eru fleiri einstaklingar en kjósa skal. Einungis skal kosið á milli þeirra einstaklinga sem eru í framboði og skulu atkvæði sem greidd eru öðrum einstaklingum teljast með auðum atkvæðum.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillögu stjórnar undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

d. Kringumstæður er leiða til stjórnarkjörs utan aðalfundar.

Fyrir fundinum lá tillaga um undirstrikaða viðbót við 1. mgr. 22. gr. samþykktanna:

„Aðalfundur hluthafa kys árlega fimm menn í stjórn félagsins. Um hæfi þeirra fer að lögum. Hluthafafundur getur einnig kosið stjórnarmenn/-mann, hafi stjórnarmaður/-menn látist, verið vikið eða hafi sagt af sér störfum. Hlutfall hvors kyns innan stjórnar skal ekki vera lægra en 40%.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillögu stjórnar undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.


14K 3

3. Kosning um niðurfellingu umboðs sitjandi stjórnar.

Fundarstjóri greindi frá því að þann 23. apríl 2019 hefði stjórn Skeljungs borist krafa frá 365 miðlum hf., sem færi með rétt yfir 10,01% hlut í félaginu, þess efnis að boðað yrði til hluthafafundar í félaginu, þar sem á dagskrá yrði niðurfelling umboðs núverandi stjórnar og nýtt stjórnarkjör. Krafan kvæði á um að hún hefði verið sett fram í ljósi umtalsverðra breytinga, sem nýverið höfðu átt sér stað í hluthafahópi félagsins. Teldi hluthafinn rétt að umboð stjórnar yrði endurnýjað, þannig að stjórn félagsins gæti tekið þeim breytingum sem fælust í breyttri samsetningu á hluthafahópi félgsins.

Fundarstjóri ítrekaði að samkvæmt lögfræðialiti sem stjórn hefði aflað væri stjórnarkjör háð því að fundurinn samþykkti fyrst niðurfellingu umboðs sitjandi stjórnar. Fundarstjóri greindi einnig frá því að samkvæmt nefndu lögfræðialiti þyrfti einfaldan meirihluta atkvæða til þess að fella niður umboð sitjandi stjórnar. Þá nefndi fundarstjórinn að Garðar Garðarsson, hrl., væri viðstaddur og gæti svarað spurningum ef einhverjar væru.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillögu hluthafans um niðurfellingu umboðs stjórnar undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt.

4. Skýrsla og tillaga tilnefningarnefndar að stjórn.

Fundarstjóri gaf Katrínu S. Óladóttur, nefndarmanni tilnefningarnefndar, orðið.

Katrín vísaði til skýrslu tilnefningarnefndarinnar um starfsemi nefndarinnar undanfarinn mánuð en skýrslan fylgdi með fundarboði og var síðan send út upp færð þann 17. maí sl. Í tilnefningarnefnd sátu Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, Sigurður Kári Árnason, lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis og Kjartan Örn Sigurðsson, stjórnarmaður Skeljungs. Sigurður Kári var kjörinn formaður nefndarinnar.

Katrín fór yfir hlutverk og markmið með störfum tilnefningarnefndar, sem væri að koma á gegnsæju og skýru fyrirkomulagi tilnefninga stjórnarmanna á aðalfundi, hafa ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum og leggja tillögu þess efnis fyrir aðalfund. Við framkvæmd starfa sinna skyldi tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins.

Við matið hafi nefndin litið til þess að stjórnin myndaði sterka og faglega heild í þágu félagsins og hluthafa þess. Í skýrslunni kæmi fram skilgreining á lykilhæfni og þekkingu. Við mótun tillögu sinnar hafi tilnefningarnefnd litið til verkefna sem framundan væru hjá Skeljungu.

Þá fór Katrín yfir störf nefndarinnar sl. mánuð. Tók hún sérstaklega fram að stjórnarmaðurinn í nefndinni hafi ekki verið viðstaddur viðtöl við aðra frambjóðendur. Eins að hann hafi ekki tekið þátt í mati á framboðum.

Katrín kynnti því næst framboð sem nefndinni bárust. Allir sitjandi stjórnarmenn buðu sig fram, þ.e. Ata Maria Bærentsen, Baldur Már Helgason, Birna Ósk Einarsdóttir, Jens Meinhard Rasmussen og Kjartan Örn Sigurðsson. Einnig bárust framboð frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Söndru Hlíf Ocares og Þórarni Arnari Sævarssyni.

Katrín ítrekaði að það væri í höndum hluthafa að kjósa stjórn og að tillaga nefndarinnar væri einungis ráðgefandi.

 4

Því næst kynnti Katrín tillögur nefndarinnar að stjórn félagsins, sem væru eftirfarandi:

- Ata Bærentsen
- Baldur M. Helgason
- Birna Ósk Einarsdóttir
- Jens Meinhard Rasmussen
- Jón Ásgeir Jóhannesson

Fundarstjóri spurði hvort einhver vildi taka til máls. Enginn þáði það boð.

Fundarstjóri spurði hvort einhver vildi tjá sig frekar um skýrslu tilnefningarnefndar. Enginn tók til máls.

5. Kosning stjórnar félagsins.

Fundarstjóri greindi frá því að fram hefðu komið kröfur frá meira en 10% hluthafa um margfeldiskosningu og sú krafa hafi komið innan tilskilinna tímafresta og væri metin löglega fram komin skv. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög.

Til þess að skýra fyrirkomulagið nánar las fundarstjóri ákvæði 6. mgr. 63. gr. sömu laga þar sem kveðið er á um framkvæmd margfeldiskosningar. Þá útskýrði fundarstjóri nánar framkvæmd kosninganna með vísan til samþykka Skeljungs og ákvæða laga um hlutafélög.

Auk þess benti fundarstjóri á að í 63. gr. laga um hlutafélög er fjallað um stjórnarkjör en þar segir m.a. að í stjórn skuli eiga sæti fæst 5 menn og að hlutfall hvors kyns skuli ekki vera lægra en 40%. Í sömu grein kemur fram að ef ekki náist viðhlítandi niðurstaða megi samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar en ákvæði um þetta efni skuli taka upp í samþykktir félagsins. Þar sem slíkt ákvæði hafi ekki enn tekið gildi í samþykktum Skeljungs vildi fundarstjóri benda hluthöfum á að ef ákvæði laga um kynjahlutföll væru ekki uppfyllt, teldist viðkomandi kosning eða niðurstaða ekki gild. Ef niðurstaða kosningarinnar væri ekki gild eða lögmæt yrði að endurtaka atkvæðagreiðslu þar til gild niðurstaða fengist.

Fundarstjóri fór nánar yfir stöðuna og spurði hvort einhver vildi tjá sig um þetta atriði um margfeldiskosninguna, um 63. gr. laga um hlutafélög og þá framkvæmd sem fundarstjóri lagði til á fundinum. Enginn óskaði eftir að tjá sig um það.

Fundarstjóri kynnti þá aðila sem höfðu gefið kost á sér til stjórnarsetu.

Í framboði til stjórnar voru eftirtaldir aðilar:

- Ata Maria Bærentsen
- Baldur Már Helgason
- Birna Ósk Einarsdóttir
- Jens Meinhard Rasmussen
- Jón Ásgeir Jóhannesson
- Kjartan Örn Sigurðsson
- Sandra Hlíf Ocares
- Þórarinn Arnar Sævarsson

Spurði fundarstjóri því næst hvort frambjóðendur vildu kynna sig stuttlega.



Jón Ásgeir Jóhannesson þáði það boð. Jón Ásgeir fór yfir ástæðu þess að 365 miðlar hf. óskaði eftir fundinum. Taldi félagið sig geta hjálpað Skeljungu í gegnum umbreytingaskeið og vísaði til samruna samkeppnisaðila Skeljungs. Hluthafinn sæi mikil tækifæri í félaginu og hann sem stjórnarmaður myndi beita sér fyrir því að nýta þau tækifæri sem fælust m.a. í lóðum félagsins og fasteignum og öðrum tækifærum til framtíðar. Eins þyrfti að hugsa til hluthafans, t.d. með endurkaupum og arðgreiðslum. Því væri nauðsynlegt að hluthafar kæmu að stjórnarborðinu, þó hann væri einnig fylgjandi því að við stjórnarborðið sitji óháðir aðilar.

Kjartan Örn Sigurðsson tók næst til máls. Kjartan vísaði til stuðnings hluthafa félagsins, sem teldu að aðkoma hans að félaginu myndu styrkja það. Kjartan vísaði til setu sinnar í tilnefningarnefnd og þeirrar þekkingar og innsýnar sem hann hefði öðlast á rekstrinum frá aðalfundi. Félagið væri í mjög breiðum rekstri en áskoranirnar væru augljósar og umbreytingarnar framundan. Kjartan fór þvínæst yfir þau álitamál sem skoða þyrfti á næstu misserum. Kjartan vísaði til reynslu sinnar við umbreytingu fyrirtækja.

Fundarstjóri las upp stutta kynningu frá Birnu Ósk Einarsdóttur, sem var erlendis og átti ekki kost á að sækja fundinn. Í kynningunni var farið stuttlega yfir stjórnarsetu Birnu síðastliðin fjögur ár og þau málefni sem hún hygðist leggja áherslu á til framtíðar næði hún kjöri.

Aðrir frambjóðendur tóku ekki til máls.

Fundarstjóri spurði hvort fundarmenn hefðu spurningar um framkvæmdina eða hvort einhver vildi tjá sig áður en gengið yrði til stjórnarkjörs. Enginn óskaði eftir að tjá sig.

Fundarstjóri fór því næst yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar og bauð hluthöfum að ganga til atkvæðagreiðslu. Að lokinni atkvæðagreiðslu var gert hlé.

Að loknu hléi kynnti fundarstjóri eftirfarandi niðurstöðu úr kjöri stjórnar:

Með 2,115,630,698 atkvæði – Jón Ásgeir Jóhannesson
Með 1,560,006,716 atkvæði - Jens Meinhard Rasmussen
Með 1,411,000,959 atkvæði - Þórarinn Arnar Sævarsson
Með 1,298,724,014 atkvæði - Birna Ósk Einarsdóttir
Með 796,222,128 atkvæði - Ata Maria Bærentsen

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Þessir fimm einstaklingar teljast réttkjörnir í stjórn félagsins og var stjórnin boðin velkomin til starfa með lófataki.

6. Önnur mál löglega upp borin.

Fundarstjóri vísaði aftur í tillögur 365 miðla hf., sem voru dregnar til baka.

Engar tillögur lágu því fyrir fundinum undir þessum lið.

Fundarstjóri gaf þá orðið laust.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls undir þessum dagskrárlið.



Fundarstjóri bauð hluthöfum því næst að fundargerðin yrði lesin upp og fundarmönnum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana, en enginn fundarmanna óskaði þess. Upplestri var því sleppt.

Fleira var ekki gert og var fundi félagsins slitið kl. 17:11.



Viðar Lúðvíksson hrl., fundarstjóri



Ingunn Agnes Kro, fundarritari

Meðfylgjandi

- Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn.